

Nd.

19. Frumvarp til laga

[19. mál]

um lækkun skatta og útsvara einstaklinga á árinu 1964 o. fl.

Flm.: Einar Ágústsson, Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Skúli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Eysteinn Jónsson, Óskar Jónsson.

1. gr.

Allur tekjuskattur lagður á einstaklinga á árinu 1964 skal lækkaður um kr. 7000.00 á hvern gjaldanda. Einstaklingstekjuskattur, sem lægri er en kr. 7000.00, skal felldur niður.

2. gr.

Öll tekjuútsvör lögð á einstaklinga á árinu 1964 skulu lækkuð um 20%. Þessi útsvarslækkun skal sérhverju sveitarfélagi bætt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og skal greiðsla fara fram í mánuðunum október—desember 1964.

3. gr.

Á árinu 1964 leggur ríkissjóður Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til, umfram það, sem ákveðið er í fjárlögum, þá upphæð, sem þarf til framkvæmda á 2. gr.

4. gr.

Sérstök rannsókn skal fara fram á skattframtölum ársins 1964 (fyrir tekjuárið 1963). Umfram þau framtöl, sem að dómi skattfyrvalda gefa sérstaka ástæðu til rannsóknar, skal rannsókn fara fram á 3% allra framtala þeirra aðila, sem bókhaldsskyldir eru, og á 2% annarra framtala. Skulu þessi framtöl valin með útdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, er hún setur. Framtöl þau, sem þannig eru valin, skal athuga ýtarlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina, er máli skiptir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sameinað Alþingi kýs 7 manna nefnd hlutfallskosningu til þess að gera tillögur um skipan skatta- og útsvarsmála.

Nefndin skal leggja tillögur sínar fyrir Alþingi svo fljótt, að hægt verði að afgreiða nýja löggjöf um þessi mál á yfirstandandi þingi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 18 12. apríl 1960 var afnuminn sá umreikningur á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans, er gilt hafði mörg ár þar á undan, og með lögum nr. 43 9. júní 1960 voru ákveðnir fastir útsvarsstigir, sem gerðu ekki ráð fyrir breytingum vegna breytts verðgildis peninga.

Afleiðing þessa var sú, að skattbyrðin þyngdist stöðugt vegna vaxandi dýrtíðar öll þau ár, sem liðin eru síðan umræddar lagabreytingar voru gerðar.

Á árinu 1963 óx dýrtíðin meira en nokkru sinni fyrr. Sá vöxtur varð til þess, að miklar launahækkanir áttu sér stað á því ári, og urðu því tekjur manna miklu hærri að krónutölu en verið hafði undanfarin ár. Að óbreyttum álagningarreglum hlutu því tekjuskattur og útsvar að hækka gifurlega og langt fram yfir það, sem mögulegt væri að innheimta.

Með lögum frá 1964 var persónufrádráttur hækkaður nokkuð. En því fór fjarri, að þar væri nægilega mikið að gert, ekki sízt þar sem jafnhliða voru gerðar breytingar á skattstígunum, sem leiddu til hækkunar.

Þingmenn Framsóknarflokksins bentu á, að lagfæring persónufrádráttarins væri ekki næg, og báru fram breytingartillögur við skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar, er miðuðu að því tvennu að hækka persónufrádráttinn með því að taka upp að nýju hinn fyrri umreikning og lækka aftur skattstígana í það horf, sem þeir áður voru. Jafnframt var bent á, að samþykkt frumvarps ríkisstjórnarinnar í óbreyttu formi mundi valda því, að tekjuskattur og útsvar hækkaði meira en hóflegt væri. Þessum aðvörðunum var ekki sinnt og tillögur framsóknarmanna felldar.

Nú hefur það komið fram, sem framsóknarmenn sögðu við meðferð málsins á Alþingi, að skattabyrðin samkvæmt hinum nýju lagaákvæðum ríkisstjórnarinnar er svo gífurleg, að mjög miklum fjárhagsörðugleikum veldur á fjölmörgum heimilum, þar sem víða er svo ástatt, að langmestur hluti launanna fram að næstkomandi áramótum fer til þess að greiða opinber gjöld.

Pegar slík skattheimta bætist ofan á þær miklu fjárhæðir, sem heimilin þurfa að greiða ríkissjóði í formi óbeinna skatta, er augljóst, að gjaldgetu almennings er ofboðið, enda horfir víða til hreinna vandræða af þessum sökum.

Viðbrögð fólks hafa verið með þeim hætti, að svo virðist, að allir séu nú sammála um, að útsvör og skattar séu óhæfilega há og að leiðréttinga sé þörf.

Flutningur þessa frumvarps hefur tvennan tilgang. Annars vegar að gera tillögur til lausnar þeim vanda, sem skapast hefur vegna álagningarinnar á þessu ári, og hins vegar að stuðla að því að koma á nýrri skipan skatta- og útsvarsmála.

Þau úrræði, sem bent er á varðandi fyrra atriðið, eru þessi:

1) Allur tekjuskattur lagður á einstaklinga á árinu 1964 skal lækkaður um kr. 7000.00 á hvern gjaldanda, en einstaklingstekjuskattur, sem lægri er en kr. 7000.00, falli niður. Eftirgjöf að upphæð kr. 7000.00 af tekjuskatti jafngildir því, að skatturinn sé felldur niður af fyrstu 50 þús. kr. skattskyldra tekna og byrjað að reikna skattinn á 30% þrepinu. Æskilegra hefði að visu verið að breyta persónufrádrætti, en það hefði kostað að endurreikna öll framtöl, og það telja flutningsmenn þessa frumvarps of seinvirkt. Hér er valin fljótverkasta leið til lagfæringar, sem völ er á.

2) Öll tekjuútsvör lögð á einstaklinga á árinu 1964 skulu lækkuð um 20%. Útsvarslækkun þessi skal sérhverju sveitarfélagi bætt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en ríkissjóður leggi fram það fé, sem til endurgreiðslunnar þarf.

Þessi tilhögun jafngildir því, að sveitarfélögin hefðu notað fimmtungi minni hluta af útsvarsstíganum en ella, en fengju þess í stað meiri greiðslur úr Jöfnunarsjóði. Má í þessu sambandi benda á, að á síðasta þingi fluttu framsóknarmenn tillögu um, að hluti af þeirri söluskattsviðbót, sem þá var lögákvæðin, gengi til jöfnunarsjóðs í því skyni að létta undir með sveitarfélögunum, en sú tilhögun hefði jafngilt útsvarslækkunum.

Önnur ástæða til þess, að þessi tilhögun er valin, er sú, að auðvelt þarf að vera fyrir jöfnunarsjóð að reikna út þær endurgreiðslur, sem hvert sveitarfélag um sig á að fá, og sú framkvæmd verður auðveldust á þann hátt, að útsvörin séu lækkuð um fastan hundraðshluta.

3) Lagt er til, að sérstök rannsókn fari fram á skattframtölum ársins 1964, þ. e. fyrir tekjuárið 1963. Ósamræmið í skattgreiðslum hefur vakið meiri athygli nú en fyrr. Finnst öllum almennungi augljóst, að mikið vanti á, að framtöl manna séu öll jafnáreiðanleg. Slíkt skapar að sjálfsögðu mikla tortryggni og leiðir af sér alvarlegt misrétti, sem ómögulegt er fyrir heiðarlega gjaldendur að una. Rannsókn sú, sem hér er ráðgerð, virðist því óhjákvæmileg. Henni er fyrst og fremst ætlað að beinast að þeim framtölum sem virðast að dómi skattyfirvalda sérstaklega athuga-verð, en auk þess er gert ráð fyrir úrtaksrannsóknnum eftir nánari reglum.

Þessi ákvæði frumvarpsins, sem nú hafa verið talin, miða að skjótri og sem

sanngjarnastri leiðréttingu á sköttum þessa árs. Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa gefið þær skýringar m. a. á hinum háu sköttum á þessu ári, að tekjur manna á árinu 1963 hafi farið langt fram úr áætlun. Lætur þá að líkum, að tekjuskatturinn hafi einnig farið fram úr áætlun og eftirgjöf sú, sem hér um ræðir, verði ríkissjóði því ekki þungur baggi. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir því, að ríkissjóður bæti sveitarfélögunum lækkun útsvaranna fyrir milligöngu jöfnunarsjóðs, en ríkissjóður er þess vel megnugur að taka á sig þessa byrði. Má í því sambandi benda á stórfellda tekjuafganga undanfarinna ára.

Í niðurlagi frumvarpsins er bráðabirgðaákvæði þess efnis, að sameinað Alþingi kjósi 7 manna nefnd hlutfallskosningu til þess að gera tillögur um skipan skatta- og útsvarsmála.

Strax og niðurstaða skattálagningarinnar var birt á s. l. sumri, nánar tiltekið hinn 6. ágúst s. l., samþykkti stjórn Framsóknarflokksins svo hljóðandi ályktun:

„Vegna þess alvarlega vanda, sem nú hefur skapast eftir síðustu álagningu skatta og útsvara, leggur stjórn Framsóknarflokksins til eftirfarandi:

1. að ríkisstjórnin gangist án tafar fyrir skipun nefndar með þátttöku allra þingflokka til þess að gera nú þegar tillögur um endurskoðun þeirra opinberu gjalda sem nú hafa verið á lögð, og réttmæta skipan skatta- og útsvarsmála til fram- búðar;
2. að ríkisstjórnin geri þær ráðstafanir til bráðabirgða að fresta innheimtu á verulegum hluta af álögum, á meðan þessi endurskoðun fer fram.“

Í útvarpsþætti hinn 17. ágúst s. l. kom fram, að fulltrúar allra flokka væru orðnir sammála um nauðsyn gagnberra breytinga á þessum málum. Formaður Framsóknarflokksins endurtók í þessum þætti tillögur framsóknarmanna um skipun endurskoðunarnefndar og sagði m. a.: „Ég tel, að það væri hyggilegt af ríkisstjórninni að taka tilboði okkar um samstarf að athugun þessara mála, efna til nefndar með þátttöku allra þingflokka, og að einmitt þannig sé gott að taka fyrir vandasöm verkefni, enda mikið af því gert áður fyrr.“

Í framhaldi af þessu tilboði framsóknarmanna um samvinnu um lausn þessara mála er tillagan hér flutt.